

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 16. september 2024

## Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 (EES-innleiðing, afhúðun)

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 (EES-innleiðing, afhúðun) (hér eftir „frumvarpsdrögin“) sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda 30. ágúst sl. Í greinargerð með frumvarpsdrögunum kemur fram að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (hér eftir „ráðuneytið“) ætli að endurskoða innleiðingu á EES-gerðum í löggjöf um umhverfismat framkvæmda og áætlana, með það að markmiði að leggja fram frumvarp til að færa löggjöfina að þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru í EES-gerðum og að frumvarp þetta sé afrakstur þeirrar vinnu.

Gullhúðun, og þ.a.l. afhúðun, hefur verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni síðastliðna mánuði. Með gullhúðun er átt við það þegar bætt er við EES-gerðir séríslenskum reglum sem eru íþyngjandi fyrir fólk og fyrirtæki. Slíkar heimasmiðaðar reglur skekkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart keppinautum á EES og í alþjóðlegu samhengi. Líkt og tekið er fram í greinargerð með frumvarpsdrögunum lét ráðuneytið gera skýrslu þess efnis hvort gullhúðun hefði átt sér stað á málefnasviði ráðuneytisins á tímabiliinu 2010-2022 en á því tímabili var gullhúðun beitt í 41% tilvika, eða 11 frumvörpum. Í kjölfarið skipaði utanríkisráðuneytið starfshóp um aðgerðir gegn gullhúðun EES-gerða í janúar sl. en starfshópurinn skilaði skýrslu til utanríkisráðherra í júní sl. þar sem var m.a. fjallað um tillögur til úrbóta.

Breytingarnar í frumvarpsdrögunum snúa að framkvæmdum sem ávallt eru háðar umhverfismati og er því mikilvægt fyrir hagsmunaaðila að afhúðun eigi sér stað. Með breytingunum er verið að breyta flokki framkvæmda í orkuiðnaði þegar kemur að lengd leiðslna, sem fara úr því að vera 10 km langar í 40 km langar, og þvermál, sem fer úr 50 cm í 80 cm, til samræmis við það sem kveðið er á um með tilskipun 2011/92. Fram kemur í greinargerð með frumvarpsdrögunum að fátítt er að leiðslur undir 40 km og 80 cm í þvermál komi inn á borð Skipulagsstofnunar og að engin efnisrök séu til staðar til að gera ríkari kröfur. Því sé viðmiðunarmörkunum breytt til samræmis við tilskipunina. Með þessum breytingum falla framkvæmdir sem eru undir stærðarmörkunum úr því að vera ávallt háðar umhverfismati í þann flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og verður þannig metið í hverju tilviki fyrir sig hvort framkvæmdirnar skuli háðar umhverfismati skv. lögnum. Mikill munur er á því í hvorn flokkinn leiðslurnar lenda og því mikilvægar breytingar að ræða.

FA fagnar því að frumvarpsdrögin séu komin fram og að vinna sé hafin hjá ráðuneytinu þegar kemur að afhúðun. FA styður frumvarpsdrögin og vonast til þess að ráðuneytið kanni hvort ástæða sé til þess að breyta öðrum lögum sem kunna að innihalda óþarfa gullhúðun. FA hvetur jafnframt önnur ráðuneyti að fylgja í fótsporin, fara yfir málefnasviðin hjá sér og kanna hvort hægt sé að beita sér fyrir afhúðun á EES-gerðum. Eins og rakið er að ofan sést að mikilvægir hagsmunir geta verið til staðar fyrir íslenskt atvinnulíf og því mikilvægt að ráðist sé í þessa vinnu sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,



---

Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur